

Garðabær-Bæjarskrifstofur
b/t Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 9. apríl 2019
UST201902-300/A.B.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Hafnarfjarðarvegur – Vífilstaðavegur- Garðabær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélags er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að tveimur deiliskipulögum fyrir Hafnarfjarðarveg og Vífilstaðaveg í Garðabæ. Samhliða ofangreindri vinnu er unnið að óverulegum breytingum á fimm deiliskipulögum sem liggja að deiliskipulagstillögunum.


Í greinargerð um deiliskipulag Hafnarfjarðarvegar kemur fram að deiliskipulagið felur í sér tillögur Vegagerðarinnar að bráðabirgða endurbótum á Hafnarfjarðarvegi á milli Vífilstaðavegar og Lyngáss/Lækjarfitja ásamt gatnamótum. Auk þess kemur fram að einnig er verið að leggja undirgöng og aðlaga stíga og hljóðvarnir að þessum endurbótum sem verður til þess að aðgerðir skili auknu öryggi vegfarenda og bæti umferðarflæði.

Í greinargerð um deiliskipulag fyrir Vífilstaðaveg er verið að skilgreina akbrautafyrirkomulag, hringtorg, stíga, gangbrautir og undirgöng. Einnig eru verið að koma fyrir hljóðvörnum, staðsetja biðstöðvar strætó og almennt bæta götumyndina og yfirbragð með trjágróðri.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur